

PERSÓNUVERNDARSTEFNA KALDALÓNS HF.

Inngangur

Kaldalón hf. (hér eftir „Kaldalón“) er ábyrgðaraðili að vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer af hálfu fyrirtækisins. Kaldalón kappkostar að tryggja vernd persónuupplýsinga og að vinnsla þeirra sé í samræmi við gildandi lög og reglur.

Persónuverndarstefna þessi tekur til söfnunar og vinnslu persónuupplýsinga í samskiptum Kaldalóns við leigutaka, þjónustuaðila, hluthafa, starfsfólk, umsækjendur um störf og aðra einstaklinga sem félagið á í viðskiptum eða samskiptum við. Persónuverndarstefnu þessari er ætlað að lýsa hvernig félagið meðhöndlar persónuupplýsingar þessara einstaklinga.

Í hvaða tilgangi vinnur Kaldalón persónuupplýsingar?

Persónuupplýsingar eru hvers kyns persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar sem rekja má beint eða óbeint til tiltekins einstaklings. Persónuupplýsingar geta verið af ýmsum toga, en dæmi um almennar persónuupplýsingar eru nöfn, kennitölur, heimilisföng og netföng.

Kaldalón vinnur persónuupplýsingar um viðskiptavini sína, hluthafa, þjónustuaðila og aðra einstaklinga í ýmsum rekstrarlegum tilgangi, meðal annars:

- til þess að auðkenna og hafa samband við viðkomandi einstaklinga,
- til þess að gera samninga við leigutaka og þjónustuaðila,
- til þess að inna af hendi þjónustu við leigutaka samkvæmt samningi,
- til þess að gera tölfræðilegar eða aðrar rekstrarlegar greiningar til innanhússnota, vegna viðskiptaþróunar eða í öðrum sambærilegum tilgangi,
- til þess að taka á móti greiðslum frá leigutökum,
- til þess að inna af hendi greiðslur til starfsmanna,
- til þess að inna af hendi greiðslur til þjónustuaðila,
- til þess að uppfylla lagaskyldur sem hvíla á félaginu,
- til þess að meta hæfni umsækjenda í störf hjá Kaldalóni, m.a.
 - til þess að auðkenna og hafa samband við umsækjendur;
 - til þess að sannreyna hvort meðmæli og aðrar upplýsingar sem umsækjandi veitir séu réttar;
 - til þess að meta hvort umsækjandi komi til greina í starf hjá Kaldalóni.

Hvaðan fær Kaldalón persónuupplýsingar?

Í flestum tilfellum fær Kaldalón persónuupplýsingar beint frá einstaklingum. Það á einkum við í eftirfarandi tilfellum:

- þegar einstaklingur sendir fyrirspurn, ábendingu eða hefur með einhverjum hætti samband við Kaldalón,
- þegar einstaklingur sækir um starf hjá Kaldalóni,
- þegar starfsmaður veitir Kaldalóni upplýsingar um sig sem nauðsynlegar eru til þess að gera og uppfylla ráðningarsamning,
- þegar samningur er gerður við leigutaka og þjónustuaðila.

Kaldalón getur einnig tekið við persónuupplýsingum frá öðrum en einstaklingunum sjálfum. Þegar það á við, leitast Kaldalón eftir fremsta megni við því að upplýsa einstaklinginn um það hvenær og hvers vegna upplýsinga er aflað um hann frá þriðja aðila. Þetta á einkum við í eftirfarandi tilfellum:

- umsækjandi um starf vísar til einstaklings sem meðmælanda,
- tengiliður hjá viðskiptaaðila vísar til annars tengiliðar innan fyrirtækis,
- upplýsingar um einstakling koma fram í erindi til Kaldalóns frá öðrum einstaklingi.

Hvaða heimildir hefur Kaldalón fyrir vinnslu persónuupplýsinga?

Vinnsla Kaldalóns á persónuupplýsingum byggist á samningi að því marki sem vinnslan er nauðsynleg til að efna samning sem viðkomandi er aðili að.

Þegar einstaklingar láta Kaldalóni í té persónuupplýsingar um þá sjálfa í því skyni að félagið hafi samband við þá, til dæmis með því að nýta samskiptamöguleika á heimasíðu Kaldalóns, er litið svo á að þeir samþykki þar með notkun og skráningu Kaldalóns á þeim persónuupplýsingum.

Kaldalón hefur lögmæta hagsmuni af því að halda skrá yfir leigutaka sína og tengiliði þeirra, þjónustuaðila, viðskiptavini og aðra einstaklinga sem félagið á í samskiptum við í því skyni að hafa samband við þá og viðhalda viðskiptasambandinu. Kaldalón hefur enn fremur lögmæta hagsmuni af því að gera tölfræðilegar eða aðrar rekstrarlegar greiningar á starfseminni til notkunar innanhúss.

Litið er svo á að umsækjendur um störf gefi samþykki fyrir að persónuupplýsingar sem þeir láta Kaldalóni í té séu notaðar í ráðningarferlinu, enda fari vinnsla persónuupplýsinga ekki fram í öðrum tilgangi en að meta hæfni umsækjenda og hvort þeir komi til greina í starf hjá Kaldalóni. Verði af ráðningu umsækjanda byggist sú vinnsla á samningi, þ.e. ráðningarsamningi milli umsækjanda og Kaldalóns, að því marki sem vinnslan er nauðsynleg vegna framkvæmdar slíks samnings.

Kaldalóni ber að vinna ákveðnar persónuupplýsingar á grundvelli lagaskyldu. Það á t.d. við um skyldu til þess að halda skrá yfir stjórnendur félagsins samkvæmt reglum sem gilda um félagið sem skráð félag og skyldur á grundvelli vinnuréttarlöggjafar til þess að greiða í lífeyrissjóði og stéttarfélag starfsmanna.

Hvernig og hversu lengi eru persónuupplýsingarnar varðveittar?

Kaldalón varðveitir persónuupplýsingar á öruggan hátt og í samræmi við gildandi lög og reglur um persónuvernd. Gerðar hafa verið tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að verja persónuupplýsingar gegn t.d. eyðingu og óheimilum aðgangi.

Kaldalón varðveitir persónuupplýsingar samkvæmt þessari persónuverndarstefnu eins lengi og nauðsynlegt er til að uppfylla tilganginn með vinnslu þeirra, en þó ekki lengur en 5 ár frá lokum viðskiptasambands nema lög kveði á um skyldu til þess að varðveita þær í lengri tíma. Almenn samskipti við einstaklinga eru varðveitt eigi lengur en í 4 ár.

Umsóknargögnum umsækjenda um störf er eytt 6 mánuðum eftir lok ráðningarferlis í viðkomandi starf ef ekki verður af ráðningu. Ef af ráðningu verður er umsókn viðkomandi starfsmanns varðveitt ásamt öðrum persónuupplýsingum um hann í samræmi við persónuverndarstefnu Kaldalóns fyrir starfsfólk.

Kaldalóni kann að vera skylt að varðveita persónuupplýsingar lengur en sem að framan greinir á grundvelli lagaskyldu, vegna málaferla, að beiðni yfirvalda eða á öðrum sambærilegum grundvelli.

Hverjir geta verið viðtakendur persónuupplýsinga?

Kaldalón kann að miðla persónuupplýsingum sem safnað hefur verið samkvæmt persónuverndarstefnu þessari til ráðgjafa og þjónustuaðila, t.d. þeim sem hýsa hugbúnaðarkerfin

sem notuð eru hjá félaginu, ráðningarskrifstofur sem aðstoða við ráðningarferli og ráðgjafa vegna sölufarla. Ráðgjafar og þjónustuaðilar þessir eru bundnir trúnaði samkvæmt vinnslusamningum sem gerðir eru við hvern og einn.

Kaldalón miðlar almennt ekki persónuupplýsingum út fyrir EES-svæðið.

Kaldalón kann að afhenda löggæsluyfirvöldum, yfirvöldum og öðrum þar til bærum aðilum persónuupplýsingar sé það nauðsynlegt, svo sem vegna rannsóknar sakamála, réttarkrafna eða samkvæmt lagaskyldu.

Hver eru réttindi skráðra einstaklinga?

Einstaklingar eiga rétt á að fá upplýsingar um og aðgang að persónuupplýsingum um þá sjálfa sem Kaldalón vinnur og andmæla vinnslu persónuupplýsinga um sig. Þeir eiga einnig rétt á að óska eftir að láta leiðrétta persónuupplýsingar um sig, takmarka vinnslu persónuupplýsinga, eyða persónuupplýsingum um sig og flytja þær til annars aðila. Framangreindum réttindum kunna þó að vera sett takmörk í gildandi lögum og reglum.

Sé vinnsla persónuupplýsinga byggð á samþykki, eiga einstaklingar enn fremur rétt á að afturkalla samþykki sitt hvenær sem er. Hafa ber í huga að afturköllun samþykkis gæti haft í för með sér að Kaldalón geti ekki veitt einstaklingi þá þjónustu sem krefst samþykkis á vinnslu persónuupplýsinga eftir því sem við á.

Fyrirspurnum um réttindi einstaklinga eða vinnslu Kaldalóns á persónuupplýsingum skal vinsamlegast beint til regluvordur@kaldalon.is. Einnig má hafa samband við skrifstofu Kaldalóns.

Einstaklingum er einnig bent á að þeir eiga rétt til þess að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd, telji þeir vinnslu Kaldalóns á persónuupplýsingum ekki samrýmast gildandi lögum:

Persónuvernd
Rauðarárstíg 10
105 Reykjavík
postur@personuvernd.is

Breytingar

Kaldalón áskilur sér rétt til breytinga á persónuverndarstefnu þessari hvenær sem er, s.s. ef breytingar verða á vinnslu persónuupplýsinga eins og henni er lýst í persónuverndarstefnu þessari eða ef þess gerist þörf á grundvelli breytinga á lögum eða reglum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Tilkynnt verður um efnislegar breytingar sem verða á persónuverndarstefnu þessari. Auk þess má alltaf nálgast nýjustu útgáfu stefnunnar á vefsíðu Kaldalóns.

Persónuverndarstefna þessi var samþykkt af stjórn Kaldalóns hf. dags. 21. nóvember 2022